

Reykjavík, 13. apríl 2004

Umsögn um *Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.*


130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 407 — 337. mál.

Íslenskri málnefnd hefur borist bréf, dagsett 25. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Málnefndin tók erindið fyrir á fundi sínum í dag. Hún vill minna á mikilvægi þess sem fram kemur í kaflanum um skyldur útvarpsráðs, einkum eftirfarandi málsgrein á bls. 2:

Efni sem sent er út skv. 4. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að rækt við íslenska tungu sé tryggð í útvarpslögum.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran
formaður Íslenskrar málnefndar